

**Sp.**

**817. Tillaga til þingsályktunar**

[472. mál]

um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, sem undirritaður var 10. desember 1982 í Montego Bay, Jamaica.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins nr. 44 frá 5. apríl 1948 var mótuð stefna Íslands varðandi lögsögu yfir fiskimiðunum umhverfis landið. Við setningu laganna háttaði svo til, að samningur var í gildi milli Danmerkur og Bretlands frá 1901. Var þar ákveðið að þriggja sjómílna landhelgi frá lágfjöru skyldi gilda. Var almennt talið að samkvæmt alþjóðalögum væru 3 sjómílnur hámark landhelgi og lögsaga strandríkisins yfir fiskveiðum erlendra manna utan þeirra marka kæmi ekki til greina.

Með lögunum frá 1948 var mörkuð sú stefna að gera tilkall til lögsögu yfir landgrunnsmiðunum við Ísland, sem framkvæmd yrði í ljósi þróunar þjóðaréttarins á hverjum tíma. Jafnframt voru gerðar ráðstafanir til að hafa áhrif á þá þróun og samningnum frá 1901 var sagt upp með áskildum tveggja ára fyrirvara. Síðan var málið tekið upp á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þegar á árinu 1949. Þá stóð svo á, að nýstofnaðri alþjóðalaganefnd (International Law Commission) hafði verið falið að gera tillögur um skráningu og þróun þjóðaréttarins. Fyrstu tillögur þessarar nefndar voru að hún skyldi fjalla á forgangsgrundvelli um reglur þjóðaréttarins varðandi gerðardóma, milliríkjasamninga og reglurnar um úthafið. Þegar á haustþingi Sameinuðu þjóðanna 1949 gerði fulltrúi Íslands í laganefnd allsherjarþingsins tillögu um að á listann skyldi bætt reglunum um landhelgina, þannig að fjallað yrði um reglur hafréttarins í heild. Eftir miklar deilur var sú tillaga samþykkt á allsherjarþinginu og alþjóðalaganefndinni falið að fjalla um reglur hafréttarins í heild. Vann alþjóðalaganefndin síðan að þessum verkefnum næstu árin og voru sjónarmið Íslendinga lögð fyrir nefndina. Var þá rík áhersla lögð á það, að greina bæri á milli eiginlegrar landhelgi, sem eftir atvikum gæti verið tiltölulega þröng, og lögsögu yfir efnahagslegum verðmætum sem yrði að vera miklu víðtækari.

Á árinu 1956 hafði alþjóðalaganefndin ekki getað náð samstöðu um þessi mál og lagði því til, að kvödd yrði saman alþjóðaráðstefna til að fjalla um víðáttu lögsögunnar. Var það upphafið að fyrstu og annarri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldnar voru í Genf 1958 og 1960 svo og þriðju hafréttaráðstefnunni, sem hófst í New York 1973 eftir langan

undirbúning. Þriðja ráðstefnan hafði reglulega fundi, venjulega tvisvar á ári ýmist í Genf eða New York þar til hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna var undirritaður á Jamaica 10. desember 1982.

2.—33. gr. hafréttarsamningsins fjalla um landhelgina og er þar miðað við 12 sjómílna landhelgi frá beinum grunnlínunum, þar sem við á (sbr. 2. og 7. gr.).

34.—45. gr. fjalla um sund og 46.—54. gr. um eyjaklasa.

55.—75. gr. fjalla um 200 sjómílna efnahagslögsögu (57. gr.) þar sem strandríkið hefur fullveldisréttindi að því er varðar lífrænar og ólífrænar náttúruauðlindir hafsins og hafsbotnsins (56. gr.). 69. og 70. gr. fjalla um réttindi landluktra og landfræðilega afskiptra ríkja innan efnahagslögsögu annarra ríkja, en skv. 71. gr. („Íslandsgreinin“) ná þær reglur ekki til strandríkis, ef efnahagur þess er í mjög miklum mæli háður hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í efnahagslögsögu þess.

76.—85. gr. fjalla um landgrunnið einnig utan 200 sjómílna markanna.

86.—120. gr. fjalla um úthafið, 121. gr. um eyjar, 122.—123. gr. um umlukt eða hálfumlukt höf, 124.—132. gr. um aðgöngurétt umluktra ríkja að og frá sjó og frelsi til gegnumferðar.

133.—191. gr. (XI. hluti) kveða á um hið alþjóðlega hafsbotnssvæði utan lögsögu hinna einstöku ríkja. 192.—237. gr. fjalla um verndun og varðveislu hafrýmisins, 238.—265. gr. um hafrannsóknir og 266.—278. gr. um þróun og miðlun haftækni. 279.—299. gr. fjalla um lausn deilumála. 300.—304. gr. hafa að geyma almenn ákvæði og 305.—320. gr. fjalla um lokaákvæði, þ. á m. um undirritun, fullgildingu, fyrirvara og gildistöku.

Átta viðaukar eru við samninginn. Fyrsti viðaukinn er listi yfir flökkustofna, annar um nefnd vegna afmörkunar landgrunnins, þriðji um rannsóknir og vinnslu á alþjóðahafsbotnssvæðinu, fjórði um framkvæmdastofnun á alþjóðahafsbotnssvæðinu, fimmti um sáttargerð, sjötti um stofnskrá hafréttardómstóls, sjöundi um gerðardóm, áttundi um sérstök gerðardómsákvæði og níundi um þátttöku alþjóðastofnana.

Í samræmi við þróun þjóðaréttarins á þessu sviði var reglunum um lögsögu umhverfis Ísland breytt smám saman. Fyrst voru dregnar beinar grunnlínur og ákvörðuð 4 sjómílna lögsaga frá þeim fyrir norðurlandi árið 1950. Þær reglur voru síðan láttnar gilda umhverfis landið 1952. 12 sjómílnur frá beinum grunnlínunum gengu síðan í gildi 1958 og 50 sjómílnur árið 1972. Loks voru 200 sjómílnur ákveðnar 1975.

Heildarlöggjöf var sett með lögum nr. 41 frá 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Eru þau lög í samræmi við ákvæði hafréttarsamningsins frá 1982, sem mun ganga í gildi 12 mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann eða gerst aðilar.

Svo sem lýst er hér að framan, hefur þróunin verið tvíþætt. Annars vegar er þróun alþjóðalaga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar er þróun íslenskra reglna í samræmi við þróun þjóðaréttarins. Þetta tvennt hefur haldist í hendur á undanförunum áratugum. Er nú svo komið, að lög nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn kveða á um 12 sjómílna landhelgi frá beinum grunnlínunum, 200 sjómílna efnahagslögsögu og víðtæk réttindi yfir landgrunninu einnig utan 200 sjómílna. Má segja, að því markmiði sem sett var með landgrunnslögunum frá 1948 hafi í einu og öllu verið náð. Baráttan var mjög hörð á köflum, en lokasigur liggur nú fyrir.

Ríkisstjórnin fer fram á heimild Alþingis til að fullgilda hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna fyrir Íslands hönd.